

# LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 11. nóvember 2022.

Mál nr. 501/2021:

**A**

(*Haukur Freyr Axelsson lögmaður,*  
*Kári Valtýsson lögmaður, 4. prófmál*)

**gegn**

**Reykjavíkurborg**

(*Dagmar Arnardóttir lögmaður,*  
*Kristín Sólnes lögmaður, 4. prófmál*)

**Lykilorð**

*Skaðabætur. Slysatrygging. Líkamstjón. Kjarasamningur. Gjafsókn.*

**Útdráttur**

*A höfðaði mál á hendur R og krafðist greiðslu slysabóta vegna líkamstjóns sem hann varð fyrir 15. október 2018 en A var starfsmaður R. Þann dag slasaðist A á leið sinni á grænu gönguljósi yfir Ánanaust þegar bifreið var ekið á hann. Hann var þá á venjulegri hlaupaleið sinni að loknum vinnudegi frá vinnustað sínum. Ágreiningslaust var að A átti tilkall til slysabóta úr hendi R og höfðu honum þegar verið greiddar bætur á grundvelli reglna sem giltu um slys borgarstarfsmanna utan starfs. A taldi að þær reglur ættu ekki við heldur reglur um slysatryggingar starfsmanna R vegna slysa sem þeir verða fyrir í starfi. Í málinu var deilt um það hvort A hefði verið á eðlilegri leið frá vinnustað til heimilis þegar hann varð fyrir slysinu. Í dómi Landsréttar þótti leiðarval A meðfram Sæbraut, fram hjá hafnarsvæðinu og að Ánanaustum geta talist eðlileg hlaupaleið að áfangastað. Sú lykkja sem A lagði venjulega á leið sína vestur Seltjarnarnes og til baka að Hagamel þjónaði aftur á móti einungis þeim tilgangi að lengja hlaupaleiðina. Í héraðsdómi var lagt til grundvallar að þegar slysið varð á leið A yfir akbrautina við Ánanaust hafi sú lykkja sem hann lagði á leið sína verið hafin. Á það féllst Landsréttur ekki, enda lægi göngustígur sjávarmegin við akveginn. Lá eðlileg hlaupaleið A heim til sín yfir akveginn og áfram nokkurn spöl eftir göngustígnum. Því bæri að leggja til grundvallar að A hefði enn þá verið á eðlilegri leið frá vinnustað til heimilis. Þar sem ekki var ágreiningur um aðra þætti málsins var krafa A tekin til greina eins og hún var sett fram og R gert að greiða A bætur.*

**Dómur Landsréttar**

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Ásmundur Helgason, Hervör Þorvaldsdóttir og Ragnheiður Bragadóttir.

**Málsmeðferð og dómkröfur aðila**

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 26. júlí 2021. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 30. júní 2021 í málinu nr. E-[...]/2020.
- 2 Áfrýjandi krefst þess að stefndi greiði honum 5.699.867 krónur með vöxtum samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 15. október 2018 til 25. mars 2020 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.
- 3 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Landsrétti.

### **Niðurstaða**

- 4 Áfrýjandi slasaðist 15. október 2018 á leið sinni á grænu gönguljósi yfir Ánanaust þegar bifreið var ekið á hann. Hann var þá á venjulegri hlaupaleið sinni að loknum vinnudegi frá vinnustað sínum, [...] í Laugardal, að Hagamel í Vesturbæ Reykjavíkur.
- 5 Ágreiningslaust er að áfrýjandi á tilkall til slysabóta úr hendi stefnda og hafa honum þegar verið greiddar bætur að fjárhæð 3.479.139 krónur á grundvelli reglna nr. sl-2/90, sem samþykktar voru í borgarráði árið 1990 og gilda um slys borgarstarfsmanna utan starfs. Áfrýjandi telur að þeir skilmálar eigi ekki við heldur beri að greiða honum slysabætur á grundvelli reglna nr. sl-1/90 sem gilda um slysathvingingar starfsmanna stefnda vegna slysa sem þeir verða fyrir í starfi. Í 4. gr. þeirra skilmála segir orðrétt: „Trygging skv. reglum þessum tekur til slysa sem sá sem tryggður er, sbr. 3. gr., verður fyrir í starfi sínu eða á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar síns og frá vinnustað til heimilis.“ Í málinu er deilt um það hvort áfrýjandi hafi verið á eðlilegri leið frá vinnustað til heimilis í skilningi greinarinnar þegar hann varð fyrir slysinu. Af hálfu stefnda hafa ekki verið bornar brigður á að unnt sé að líta á áfangastað áfrýjanda umrætt sinn sem heimili hans.
- 6 Í grein 8.1 í kjarasamningi stefnda og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, sem gildi um kjör áfrýjanda hjá stefnda, er vísað til framangreindra reglna frá 1990 um slysathvingingar starfsmanna. Reglurnar bera það einnig með sér að vera skilmálar slysathvinginga borgarstarfsmanna „skv. kjarasamningum“, eins og þar segir, og að þeir taki til þeirra starfsmanna sem eru félagsmenn í stéttarfélagi, sem gert hefur kjarasamning við stefnda á grundvelli laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, enda taki kjarasamningurinn til starfsmannsins og að í samningnum sé ákvæði um slysathvingingu í samræmi við reglurnar, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglnanna. Er á það fallist að túlka beri ákvæði skilmálanna eins og um ákvæði kjarasamnings sé að ræða þar sem fyrst skal leitast við að beita eðlilegri orðskýringu áður en hugað er að öðrum skýringarleiðum.
- 7 Sú regla í skilmálunum sem um er deilt er vísiregla sem kallar á að blæbrigði atvika séu metin. Við það mat skal þó fyrst og fremst leita svara við því hvort slysið hafi orðið á leið sem almennt getur talist eðlileg milli tveggja staða. Skiptir þá síður máli hvort slysið hafi orðið á leið sem er venjuleg fyrir viðkomandi starfsmann og því

eðlileg í hans huga. Orðalag reglunnar gefur að öðru leyti nokkurt svigrúm við val á eðlilegri leið milli heimilis og vinnustaðar, meðal annars með tilliti til ferðamáta. Er þá litið til þess að þar er ekki gerð krafa um að slys hafi orðið á stystu eða beinustu leið milli staðanna, heldur á eðlilegri leið, og í engu vikið að því hvernig starfsmaður skuli ferðast milli þeirra.

- 8 Áfrýjandi hljóp jafnan frá vinnustað sínum heim til sín að vinnudegi loknum. Venjuleg hlaupaleið hans lá úr Laugardalnum niður á Sæbraut, eftir henni á göngu- og hjólastíg fram hjá Hörpu og áfram vestur, fram hjá hafnarsvæðinu og niður að Ánanaustum. Þaðan lá leiðin meðfram sjónum eftir Ánanaustum og áfram vestur Eiðsgranda uns beygt var inn á Seltjarnarnes og síðan í austurátt inn í Vesturbæ Reykjavíkur uns komið var á áfangastað á Hagamel. Þessi hlaupaleið er um 10 kílómetra löng eða um helmingi lengri en stysta gönguleið milli vinnustaðar áfrýjanda og heimilis. Þannig fléttaði áfrýjandi líkamsrækt saman við heimferð úr vinnu. Þótt heimferðin hafi því haft tvíþættan tilgang getur það út af fyrir sig ekki leitt til þess að tryggingarvernd áfrýjanda samkvæmt framangreindum skilmálum falli niður. Við úrlausn ágreinings aðila skiptir því máli hvar á hlaupaleið áfrýjanda slysið varð.
- 9 Stefndi hefur lagt fram í málinu kort og önnur gögn sem sýna að unnt er að velja um fimm kílómetra gönguleið frá vinnustað áfrýjanda að heimili hans. Sú leið liggur í gegnum miðbæ Reykjavíkur sem áfrýjandi hefur borið um að hafa viljað forðast á hlaupaleið sinni, meðal annars vegna umferðar, hækkunar og þrengsla. Miðað við þær forsendur og staðhætti að öðru leyti þykir leiðarval áfrýjanda meðfram Sæbraut, fram hjá hafnarsvæðinu og að Ánanaustum, geta talist eðlileg hlaupaleið að áfangastað að Hagamel, eins og lagt er til grundvallar í héraðsdómi.
- 10 Sú lykkja sem áfrýjandi lagði jafnan á leið sína vestur Seltjarnarnes og til baka að Hagamel þjónaði aftur á móti einungis þeim tilgangi að lengja hlaupaleiðina. Í héraðsdómi er lagt til grundvallar að þegar slysið varð á leið áfrýjanda yfir akbrautina við Ánanaust hafi sú lykkja sem hann lagði á leið sína verið hafin. Á það verður ekki fallist, enda liggur göngustígur sjávarmegin við akveginn. Lá eðlileg hlaupaleið áfrýjanda heim til sín yfir akveginn og áfram nokkurn spöl eftir göngustígnum. Því ber að leggja til grundvallar að áfrýjandi hafi enn þá verið á eðlilegri leið frá vinnustað til heimilis í skilningi 4. gr. umræddra skilmála þegar slysið varð. Þar sem ekki er ágreiningur um aðra þætti málsins ber að taka kröfu áfrýjanda til greina eins og hún er sett fram.
- 11 Það athugast að mótmæli stefnda, sem komu fram við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti, við því að málsástæða áfrýjanda, sem getið er um í greinargerð hans til Landsréttar, að hann hafi „í það minnsta enn verið á eðlilegri leið“ heim til sín þegar slysið var, komist að í málinu, var ekki að finna í greinargerð stefnda til Landsréttar. Þá verður að líta svo á að röksemd áfrýjanda að þessu leyti sé í eðlilegu samhengi við þá málsástæðu hans í öndverðu að slysið hafi orðið á eðlilegri leið heim frá vinnu og

að henni sé teft fram sem andsvari við áherslum í héraðsdómi. Framangreind mótmæli stefnda eru því haldlaus.

- 12 Samkvæmt þessari niðurstöðu og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnda gert að greiða málskostnað vegna reksturs málsins í héraði og fyrir Landsrétti eins og nánar greinir í dómsorði og renni hann í ríkissjóð í samræmi við 4. mgr. 128. gr. laga nr. 91/1991.
- 13 Ákvæði hins áfrýjaða dóms um fjárhæð gjafsóknarkostnaðar áfrýjanda er staðfest.
- 14 Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Landsrétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans eins og greinir í dómsorði.

### **Dómsorð:**

Stefndi, Reykjavíkurborg, greiði áfrýjanda, A, 5.699.867 krónur með vöxtum samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 15. október 2018 til 25. mars 2020 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði 1.300.000 krónur í málskostnað vegna meðferðar málsins í héraði og fyrir Landsrétti, sem renni í ríkissjóð.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað áfrýjanda skulu vera óröskuð.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Landsrétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Hauks Freys Axelssonar, 730.000 krónur.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur, miðvikudaginn 30. júní 2021**

Þetta mál, sem var tekið til dóms 16. júní 2021, höfðar A, kt. [...], [...], með stefnu birtri 9. nóvember 2020, á hendur Reykjavíkurborg, kt. [...], [...].

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 5.699.867 kr. með almennum vöxtum, samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 15. október 2018 til 25. mars 2020 en með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnandi krefst einnig málskostnaðar úr hendi stefnda eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, að teknu tilliti til skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda.

Hann krefst jafnframt málskostnaðar úr hendi stefnanda.

## Málsatvik

Stefnandi krefst bóta vegna tjóns sem hann hlaut á leið heim úr vinnu. Í málinu er einungis ágreiningur um það hvort hann hafi, þegar hann slasaðist, verið á „eðlilegri leið“ frá vinnustað til heimilis í skilningi 4. gr. reglna nr. 1/90 sem vísað er til í grein 8 í kjarasamningi sem gildi um kjör stefnanda á slysdegi.

Atvik málsins eru þau að um kl. 17:00, 15. október 2018, var stefnandi á leið norður yfir götuna Ánanaust í vesturbæ Reykjavíkur, á grænu gönguljósi, þegar ekið var á hann. Hann hafði þá hlaupið frá vinnustað sínum í Laugardal með fram sjávarsíðunni að Ánanaustum. Hann var á leið út á Seltjarnarnes hlaupandi og hugðist hlaupa þaðan og heim á Hagamel. Þetta var hefðbundinn 9–10 km langur hringur sem hann hljóp í lok hvers vinnudags.

Við áreksturinn slasaðist stefnandi og var fluttur með sjúkrabifreið á Landspítalann. Þar komu í ljós ýmsir áverkar, en einnig heilahristingur og tognun. Í kjölfar slyssins leitaði hann til heimilislæknis, sjúkráþjálfara, háls-, nef- og eyrnalæknis og lækna á [...] Landspítalans.

Á slysdegi var stefnandi starfsmaður Reykjavíkurborgar, í 100% starfshlutfalli sem [...] í Laugardal. Eins og aðrir starfsmenn sveitarfélagsins var hann slysatryggður bæði við störf og í frítíma sínum samkvæmt reglum stefnda, annars vegar nr. 1/90 og hins vegar nr. 2/90. Stefnandi leitaði sér lögmannaástoðar vegna málsins 23. október 2018.

Vátryggingafélag Íslands tryggði bifreiðina sem var ekið á stefnanda. Í september 2019 sammæltust stefnandi og tryggingafélagið um að afla mats á varanlegum afleiðingum slyssins fyrir stefnanda samkvæmt skaðabótalögum. Matið unnu bæklunarlæknir og lögmaður. Í matsgerð sem þeir afhentu 19. febrúar 2020 töldu þeir varanlegan miska stefnanda vegna slyssins nema 33 stigum og varanlega örorku 20%.

Að fenginni matsgerðinni fór stefnandi fram á bætur úr hendi stefnda á grundvelli kjarasamningsbundinnar slysatryggingar samkvæmt reglum nr. 1/90 því slysið hefði orðið á leið hans frá vinnustað að heimili. Borgarlögmaður óskaði nánari skýringa á leið stefnanda. Gögn úr hlaupaforriti hans voru send embættinu og bent á að sú leið sem hann fór hefði verið sú sem hann var vanur að hlaupa heim til sín úr vinnu.

Stefndi féllst á bótaskyldu, svo og að stefnandi væri, sem starfsmaður stefnda, slysatryggður allan sólarhringinn. Stefndi féllst einnig á að leggja fyrrgreinda matsgerð til grundvallar svo og að varanleg læknisfræðileg örorka stefnanda væri 33 stig. Stefndi féllst hins vegar ekki á að slysið ætti undir reglur nr. 1/90 um slys sem starfsmenn verða fyrir í starfi þar eð stefnandi hefði ekki verið á eðlilegri leið heim úr vinnu þegar slysið varð. Þetta hefði því verið frítímaslys sem ætti undir reglur nr. 2/90. Gengið var frá uppgjöri við stefnanda 19. mars 2020 á grundvelli reglna nr. 2/90 og honum greiddar 3.479.139 kr. í slysabætur. Við uppgjörið setti stefnandi þann fyrirvara að hann teldi uppgjörið eiga að fara eftir reglum nr. 1/90 um slys sem starfsmenn verða fyrir í starfi.

Stefnandi telur sig eiga fullan rétt til bóta samkvæmt reglum nr. 1/90 vegna þess varanlega líkamstjóns sem hann býr við í kjölfar slyssins og höfðar því þetta mál.

## Málsástæður og lagarök stefnanda

### Almennt um grundvöll bótaábyrgðar

Dómkrafa stefnanda byggist á því að hann eigi rétt á bótum úr kjarasamningsbundinni slysatryggingu hjá stefnda vegna tjóns sem hann hlaut í umferðarslysi 15. október 2018 og felst í 33% varanlegri læknisfræðilegri örorku. Á slysdegi hafi hann verið í 100% starfi sem [...]. Um kaup hans og kjör hafi gilt kjarasamningur Reykjavíkurborgar og Sameykis. Sameyki hafi áður verið hluti af starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Sá kjarasamningur sem gildi á slysdegi, hafi verið undirritaður 13. nóvember 2015 og gilt frá 1. maí 2015 til 31. mars 2019. Í 8. kafla hans, í grein 8.1, segi að starfsmenn skuli slysatryggðir allan sólarhringinn fyrir dauða eða vegna varanlegrar örorku. Um trygginguna gildi mismunandi bótafjárhæðir og tryggingaskilmálar eftir því hvort starfsmaður verði fyrir slysi í starfi eða utan starfs. Um skilmála þessara trygginga gildi sérstakar reglur nr. 1/90 og nr. 2/90, samþykktar af borgarráði 5. júní 1990.

Stefnandi byggir á því að réttur hans til bóta vegna umferðarslyssins ráðist af reglum nr. 1/90, enda hafi hann verið á eðlilegri leið að heimili sínu frá vinnustað sínum þegar slysið varð. Það sé óumdeilt að hann hafi verið á leið heim frá vinnu, en málsaðilar deili um það hvort sú leið sem stefnandi fór frá vinnustað til heimilis í umrætt sinn teljist eðlileg í skilningi 1. töluliðar 4. gr. reglnanna. Ekki er deilt um um önnur atriði í málinu, svo sem líkamstjón stefnanda eða mat á afleiðingum slyssins.

#### Stefnandi á rétt á slysabótum samkvæmt reglum stefnda nr. 1/90

Stefnandi byggir á því að hann hafi verið starfsmaður Reykjavíkurborgar á slysdegi og því tryggður samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 1/90. Samkvæmt lögregluskýrslu hafi slysið orðið við Ánanaust, kl. [...], 15. október 2018. Stefnandi hafi þá verið að skokka frá vinnustað sínum í Laugardal að þáverandi heimili sínu á Hagamel. Því gildi reglur nr. 1/90 um slysið, sbr. 1. mgr. 4. gr. þeirra. Stefnandi byggir á því að sú leið sem hann fór frá vinnustað að heimili sínu hafi verið eðlileg í skilningi ákvæðisins, öfugt við það sem stefndi haldi fram. Stefnandi hafi undanfarin ár, allt frá því að hann flutti á Hagamel [...], hlaupið þessa sömu leið heim úr vinnu. Hún liggi frá [...] í Laugardal, niður á Sæbraut og með fram henni. Þaðan liggi leiðin út á Granda og svo inn í vesturbæ þar sem hann bjó á þessum tíma. Fjölmörg skjáskot tekin úr hlaupaforriti stefnanda síðustu mánuði fyrir slysið sýni að þetta var sú leið sem hann hljóp vanalega heim til sín. Stefnandi hafi þó ekki ætíð kveikt á hlaupaforritinu þegar hann hljóp heim, eins og átti við á slysdegi.

Ástæðu þess að stefnandi hafi valið að skokka þessa leið heim til sín megi rekja til þess að árið 2013, í tengslum við átakið „hjólað í vinnuna“, hafi hann farið að ganga og hlaupa reglulega í og úr vinnu. Frá þeim tíma hafi hann tamið sér að ganga í vinnuna og skipta svo yfir í hlaupaföt í lok vinnudags og hlaupa heim. Eftir að hann flutti á Hagamel árið [...] hafi þessi leið orðið fyrir valinu í og úr vinnu, en honum hafi þótt gott að ganga og hlaupa með fram sjónum. Þá hafi það einnig haft áhrif á val hans að fáar hindranir og gangbrautir séu á leiðinni svo unnt sé að hlaupa nánast allan tímann. Þá sé sjaldan snjór og hálka á þessari leið og hún sandborin reglulega.

Stefndi virðist byggja höfnun sína á því að eina eðlilega leiðin frá vinnustað stefnanda að þáverandi heimili hans hafi verið stysta leið samkvæmt korti. Að mati stefnda virðist það hafa þýðingu að stefnandi átti enn eftir að hlaupa nokkurn spöl að heimili sínu þegar slysið varð. Stefnandi mótmæli harðlega þessari túlkun stefnda á 4. gr. reglna nr. 1/90. Stefnandi bendi á að hvergi komi fram í reglunum að starfsmenn séu einungis slysatryggðir á stystu leið frá vinnustað að heimili, heldur segi í 4. gr. að starfsmenn séu slysatryggðir á eðlilegri leið á milli vinnustaðar og heimilis. Af 4. gr. verði ekki séð að það hafi þýðingu hvort skammt sé eftir af leiðinni eða ekki. Skilmálar í reglum nr. 1/90 séu samdir einhliða af stefnda og allan vafa um inntak og merkingu þeirra beri því að túlka stefnanda í vil, í samræmi við meginreglur íslensks váttrygginga- og samningaréttar. Hafi það verið ætlun stefnda með setningu skilmála reglna nr. 1/90 að starfsmenn ættu eingöngu rétt á bótum þegar þeir væru á stystu leið heim úr vinnu hefði stefndi þurft að kveða mun skýrar á um það í skilmálunum.

Stefnandi bendi á það að margar leiðir hafi verið færar frá vinnustað hans að heimili væri farið fótgangandi. Stefnandi geti ekki krafist þess að farin sé stysta leið samkvæmt loflínu eða götukorti enda nýti starfsmenn sér ýmsar leiðir við samgöngur. Gefa verði starfsmönnum ákveðið svigrúm við val á leið frá vinnu að heimili. Við mat á því hvað teljist eðlileg leið verði að taka tillit til ýmissa þátta, svo sem umferðarþunga, götuljósa, gangbrauta og færðar. Þá verði einnig að taka tillit til persónulegra ástæðna sem kunni að stýra því hvaða leið verði fyrir valinu. Í dómaframkvæmd Hæstaréttar hafi það til dæmis verið talin eðlileg leið frá vinnustað að heimili þegar menn leggja lykkju á leið sína af persónulegum ástæðum, sbr. dóm réttarins frá 23. febrúar 2017 í máli nr. 388/2016. Stefnandi ítrekar að fyrirbyggjandi gögn úr hlaupaforriti sýni að þetta var sú leið sem hann fór vanalega. Með vísan til alls þessa telur stefnandi ljóst að slysið hafi orðið á eðlilegri leið á milli vinnu og heimilis.

Stefnandi byggir á því að hann hafi orðið fyrir slysi sem falli undir gildissvið reglna nr. 1/90, og að sannað sé með fyrirbyggjandi matsgerð og læknisfræðilegum gögnum að hann hafi hlotið 33% varanlega örorku í skilningi 10. gr. reglnanna. Hann eigi því rétt á bótum samkvæmt ákvæðum reglna nr. 1/90.

Stefnandi byggir dómkröfu sína á matsgerð dags. 19. febrúar 2020. Dómkrafan reiknist sem 33% af tryggingarfjárhæðinni sem sé tilgreind í gr. 8.2 í kjarasamningnum, sbr. reglur nr. 1/90. Í gr. 8 í kjarasamningi segi að tryggingarfjárhæðir í samningnum miðist við vísitölu neysluverðs í maí 2015, þ.e. 428,2. Uppreiknuð fram til febrúar 2020, þegar krafa var send stefnda og vísitala neysluverðs var 474,1 stig, nemi tryggingarfjárhæðin skv. kjarasamningnum 22.387.820 kr. Sú fjárhæð sé í samræmi við upp-reiknaða bótafjárhæð reglna nr. 1/90. Krafa stefnanda reiknast því þannig:

$$20.220.343/428,2 = 47221,7275$$

$$47221,7275 * 485,1 = 22.387.820 \text{ kr. } 22.387.820 * 25\% = \underline{5.596.955 \text{ kr.}}$$

Samkvæmt gr. 8.2 í gildandi kjarasamningi vegi hvert örorkustig frá 25–50% tvöfalt:  $22.387.820 * 8\% * 2 = \underline{3.582.051 \text{ kr.}}$

Krafa stefnanda vegna 33% læknisfræðilegrar örorku sé því 9.179.006 kr. Frá þeirri kröfu dragist greiðsla sem stefndi greiddi til stefnanda 2. apríl 2020 að fjárhæð 3.479.139 kr. Þegar hún hafi verið dregin frá nemi fjárfrafan 5.699.867 kr.

Krafa stefnanda beri dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu að liðnum mánuði frá því að stefndi var krafinn um bætur skv. reglum nr. 1/90, þ.e. frá 25. mars 2020 til greiðsludags.

Krafist er málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Þá er krafist virðisaukaskatts á málflytninguþóknun. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur. Þar eð lögmönnum sé gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni sé stefnanda nauðsynlegt að fá dóm fyrir þessum skatti úr hendi stefnda.

Um bótaábyrgð er vísað til 8. kafla kjarasamnings Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurborgar frá 13. nóvember 2015 og reglna stefnda nr. 1/90 um skilmála slysatryggingar starfsmanna borgarinnar vegna slysa sem starfsmenn verða fyrir í starfi, einkum 4. gr. og 10. gr. Þá vísar stefnandi til meginreglna vátrygginga- og samningaréttar. Um varnarþing vísast til 3. mgr. 33. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Varðandi málskostnað vísar stefnandi til ákvæða 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Um virðisaukaskatt á málflytninguþóknun er vísað til laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

## Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi krefst sýknu þar eð hann telur sig hafa greitt stefnanda að fullu þær bætur sem hann eigi rétt á samkvæmt slysstryggingu starfsmanna stefnda skv. kjarasamningum. Stefndi mótmælir öllum málsástæðum stefnanda.

Starfsmenn stefnda séu slysstryggðir allan sólarhringinn. Það sé ívilnandi ákvæði fyrir starfsmennina því ljóst sé að ekki sé kveðið á um slysstryggingu í frítíma í öllum kjarasamningum heldur takmarkist gildissvið þeirra oft við slys í vinnutíma. Um slysstryggingar starfsmanna stefndu gildi annars vegar reglur nr. 1/90 vegna slysa sem starfsmenn verða fyrir í starfi og hins vegar reglur nr. 2/90 vegna slysa sem starfsmenn verða fyrir utan starfs.

Í 4. gr. reglna nr. 1/90 sé gildissvið tryggingarinnar vegna slysa í starfi skilgreint þannig:

Trygging skv. reglum þessum tekur til slysa sem sá sem tryggður er, sbr. 3. gr. verður fyrir í starfi sínu eða á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar síns og frá vinnustað til heimilis.

Ágreiningurinn einskorðist því við það hvort stefnandi var í umrætt sinn á „eðlilegri leið“ frá vinnustað til heimilis í skilningi ákvæðisins og falli þannig undir reglur nr. 1/90.

Stefndi mótmæli þeirri málsástæðu stefnanda að reglur nr. 1/90 og nr. 2/90 séu einhliða settar af stefnda. Hið rétta sé að aðilar vinnumarkaðarins hafi samið um slysstryggingu fyrir starfsmenn stefnda allan sólarhringinn en mismunandi reglur og bótafjárhæðir gildi eftir því hvort slys teljist vinnuslys eða frítímaslys. Í reglum nr. 1/90 og nr. 2/90 séu því ákvæði sem aðilar vinnumarkaðarins hafi verið sam-mála um að giltu um slysstryggingu starfsmanna. Þannig segi til að mynda í kjarasamningi Reykja-víkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar:

8.1 Starfsmenn skulu slysstryggðir allan sólarhringinn fyrir dauða eða vegna varanlegrar örorku. Um trygginguna gilda mismunandi bótafjárhæðir og tryggingaskilmálar eftir því hvort starfsmaður verður fyrir slysi í starfi eða utan starfs, sbr. Samkomulag milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Launanevndar sveitarfélaga annars vegar og Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Kennara-sambands Íslands f.h. aðildarféлага sinna frá 22. desember 2004 og viðbótarsamkomulag sömu aðila frá 20. október 2005. Um skilmála trygginga þessara gilda sérstakar reglur nr. sl. 1/90 og nr. sl. 2/90 samþykktar af borgarráði þann 5. júní 1990.

Samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, sem gildi um launakjör stefnanda á slysdagi, hafi tryggingarfjárhæðir vegna varanlegrar örorku sökum slyss utan starfs að hámarki numið 7.664.162 kr. en vegna slyss í starfi hafi hámarksbætur numið 20.220.343 kr. Töluverður munur sé því á bótafjárhæðum eftir því hvort beitt sé reglum nr. 1/90 eða nr. 2/90. Af þessum fjárhæðum sjáist glöggt að megináhersla sé lögð á að tryggja starfsmenn fyrir þeim hættum sem séu bundnar við framkvæmd vinnu starfsmannsins. Umfram tjón við vinnu hafi aðilar síðan samið um að víkka bótaréttinn út þannig að hann taki ekki einungis til vinnuslysa heldur einnig til slysa sem verði á leið í og úr vinnu, enda nauðsynlegt fyrir starfsmann að fara í og úr vinnu til að geta sinnt starfinu.

Í umrætt sinn hafi stefnandi ákveðið að hlaupa rúmlega 9 km leið heim til sín sem m.a. fól í sér að hlaupa í gegnum annað bæjarfélag. Stefnandi hafi því, að mati stefnda, ekki verið á leið heim til sín eftir vinnu heldur hafi hann verið að sinna líkamsrækt sem falli undir slys í frítíma. Stefnandi geti ekki einhliða ákveðið að leið, sem tvöfaldi vegalengdina heim til hans, sé eðlileg leið í skilningi ákvæðisins, einungis vegna þess að það sé hans vanalega leið. Þá veki stefndi sérstaklega athygli á því að á þeirri stundu er slysið varð hafi stefnandi verið á leið yfir göngubraut við Ánanaust í þveröfuga átt við heimili sitt. Þessa götu hefði hann aldrei þurft að þvera á eðlilegri leið heim til sín, enda heimili hans í suðurátt frá göngubrautinni en stefnandi hafi kosið að fara norður yfir götuna.

Stysta gönguleiðin frá vinnustað stefnanda að heimili hans á þessum tíma að Hagamel sé um 4,4 km samkvæmt borgarvefsjá og vefsíðunni [www.googlemaps.com](http://www.googlemaps.com). Heimasíðan [www.googlemaps.com](http://www.googlemaps.com) leggi til þrjár gönguleiðir frá vinnustaðnum og að heimili stefnanda að Hagamel [...]. Þær séu allar um 4,4 km og engin þeirra fari nálægt Ánanaustum. Hinu sama gegni um svokallaða gönguleiðarbestun á borgarvefsjá ([www.borgarvefsja.is](http://www.borgarvefsja.is)). Sú síða gefi upp annars vegar öruggustu leiðina og hins vegar stystu leiðina. Þær séu nánast sama leiðin og nemi annars vegar 4,44 km og hins vegar 4,47 km að lengd. Gönguleiðirnar sem borgarvefsjá leggi til fari ekki nálægt Ánanaustum enda sé ljóst að sú gata liggi rúmum hálfum kílómetra norðar en væri farið um Hofsvallagötu eins og mælt er með í öllum fyrrgreindum gönguleiðum.

Það sé óumdeilt að á stefnanda hvíldi ekki skylda til að velja sér allra stystu leiðina heim í metrum talið til þess að það teljist eðlileg leið heim. Til þess að hljóta tryggingarvernd undir slysatryggingu um slys í starfi hafi stefnanda hins vegar borið að vera á leiðinni heim og velja sér eðlilega leið milli þessara tveggja staða, vinnustaðar og heimilis. Honum hafi að sjálfsögðu verið frjálst að sinna líkamsrækt beint eftir vinnu, fara á líkamsræktarstöð, í jóga eða hlaupa hverja þá leið sem honum hugnaðist, hvort sem hún var 10 km, 20 km eða 40 km. Öll slík líkamsrækt hefði verið í frítíma stefnanda en ekki í vinnutíma á eðlilegri leið heim.

Stefnandi hefði þannig getað valið nokkrar mismunandi leiðir heim án þess að fara út fyrir gildissvið tryggingar skv. reglum nr. 1/90. Þannig hefði hann til að mynda getað hlaupið þá leið sem hann fór með fram sjávarsíðunni en ljóst sé að hafi hann verið á leið heim bar honum að beygja upp t.d. Ægisgötu og upp á Hofsvallagötu. Hann hafi hins vegar kosið að hlaupa áfram og hafi með því vikið af hinni eðlilegu leið og tryggingarvernd skv. reglum nr. 1/90 hafi þá fallið niður. Stefnandi hafi lent í umferðarslysi á leið yfir götuna Ánanaust, í gagnstæða átt við heimili sitt. Á þeim tíma þegar slysið varð hafi stefnandi ekki verið að fara eðlilega og nauðsynlega leið heim til sín eftir vinnu. Það að hlaupa rúma 9 kílómetra hafi ekki verið stefnanda nauðsynlegt heldur verið val hans í eigin frítíma. Með vísan til þess telur stefndi að rétt hafi verið að gera tjón stefnanda upp á grundvelli reglna nr. 2/90 um slysabætur fyrir tjón í frítíma en ekki á grundvelli reglna nr. 1/90 um slysabætur vegna slyss í starfi og því er krafist sýknu af kröfum stefnanda.

Um lagarök vísar stefndi einkum til kjarasamnings Reykjavíkurborgar og starfsmannafélags borgarinnar frá 13. nóvember 2015 og reglna um slysatryggingu starfsmanna vegna slyss í starfi nr. 1/90 og utan starfs nr. 2/90. Þá er vísað til meginreglna vátrygginga- og samningaréttar. Um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

## Niðurstaða

Í þessu máli er dóminum falið að leysa úr því hvort stefnandi hafi, þegar hann slasaðist, verið á „eðlilegri leið“ frá vinnustað að heimili sínu í skilningi 4. gr. reglna nr. 1/90 sem vísað er til í grein 8.1 í kjarasamningi stéttarfélags stefnanda og vinnuveitanda hans, stefnda Reykjavíkurborgar.

Að mati stefnanda ber að túlka 4. gr. reglna nr. 1/90 með þeim túlkunarreglum sem gilda um skilmála sem eru samdir einhliða. Reglurnar hafi verið samdar einhliða af Reykjavíkurborg og samþykktar í borgarráði 5. júní 1990. Stefndi mótmælir þessu og segir þær samdar af báðum aðilum kjarasamningsins þótt þær hafi verið samþykktar í borgarráði fyrir hönd stefnda.

Af texta reglna nr. 1/90 og nr. 2/90 verður ekki skýrt ráðið hver samdi þær. Bókun nr. 10 með nógildandi kjarasamningi um kjör starfsmanna stefnda gefur vísbendingu um að þær hafi verið samdar af aðilum kjarasamningsins, þ.e. Reykjavíkurborg annars vegar og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar hins vegar. Hvað sem því líður segir í grein 8.1 í kjarasamningnum að þessar reglur gildi um skilmála slysatrygginga starfsmanna stefnda. Stéttarfélag stefnanda var aðili að

kjarasamningnum og samþykkti því þessi kjör fyrir hönd allra félagsmanna sinna. Stéttarfélaginu mátti vera efni reglnanna og skilmálanna vel kunnugt því þær höfðu gilt í 25 ár þegar kjarasamningurinn var gerður. Dómurinn telur því að ekki verði farið með reglurnar eins og stefndi hefði samið þær einhliða heldur verði þær túlkaðar eins og hvert annað ákvæði kjarasamnings.

Eins og fram er komið eru starfsmenn Reykjavíkurborgar slysatryggðir allan sólarhringinn en fjárhæð bótanna ræðst af því hvort slysið teljist hafa orðið í starfi eða utan þess, þ.e. í frítíma starfsmannsins. Einnig er komið fram að til þess að slys teljist hafa orðið í starfi samkvæmt 4. gr. reglna nr. 1/90 þarf starfsmaðurinn að hafa verið á „eðlilegri leið“ frá vinnustað til heimilis þegar slysið verður.

Aðilar kjarasamningsins hafa litið svo á að ferð til og frá vinnustað sé nauðsynlegur þáttur þess að starfsmaður geti rækt starf sitt. Þeir hafa því ákveðið að tryggingarverndin taki til afleiðinga slysa sem starfsmenn lenda í á ferðum til og frá vinnu. Að mati dómsins vakti það þó ekki fyrir samningsaðilum að víkka tryggingarvernd á milli heimilis og vinnustaðar út í hið óendanlega. Einhvern tíma þurfti heimferðinni að ljúka.

Að mati dómsins ber því við túlkun á þessu orðalagi ekki að leggja til grundvallar þá leið sem sérhver starfsmaður hefur tamið sér að fara frá vinnustað að heimili, burtséð frá því hvernig hún er, eins og stefnandi byggir á. Þá myndu hvers kyns slaufur og útúrdúrar sem tengjast eigin hugðarefnum eða þörfum starfsmannsins falla undir orðalagið „eðlileg leið“ án þess að sú leið sem þannig er valin miði sérstaklega að því að koma starfsmanninum heim til sín fyrir en seint og um síðir.

Að mati dómsins ber að leggja til grundvallar þann skilning sem telja má að fólk almennt leggi í orðin „eðlileg leið milli vinnustaðar og heimilis“. Dómurinn telur að ekki verði vikið verulega frá nokkurn veginn beinni leið heim nema það sé nauðsynlegt vegna hindrana á leiðinni, svo sem gatnaframkvæmda eða annarra ytri atvika sem starfsmaðurinn hefur enga stjórn á.

Það verður jafnframt að vera meginmarkmið þeirrar leiðar sem verður fyrir valinu að koma starfsmanninum heim. Vitaskuld er starfsmönnum frjálst að velja ferðamáta og leið sem hentar þeim ferðamáta. Þannig er eðlilegt að sá sem ekur velji greiðfæra stofnbraut, vilji hann komast sem fyrst heim til sín, í stað þess að fara beinni leið þar sem eru hraðatakmarkanir. Einnig er eðlilegt að hjólreiðamaður velji að fara eftir hjólastígum og sá sem hleypur velji leið sem er greiðfær fyrir hann, allt innan þess svigrúms að meginmarkmið leiðarinnar sem verður fyrir valinu sé að koma starfsmanninum á heimili sitt að vinnutíma loknum.

Dómurinn telur því að innan „eðlilegrar leiðar“ geti falist ýmis frávik frá skemmstu leið. Stefnandi kvaðst hafa valið að hlaupa með fram sjónum til þess að fyrirstöður væru sem fæstar og hann hefði þar ferskt loft og víðsýni sem hann hefði ekki hlýpi hann eftir umferðargötum eða færi um miðbæinn á leiðinni heim.

Fyrsti helmingur hlaupaleiðarinnar færði stefnanda nær heimili hans þótt hann veldi að hlaupa með fram sjónum, þ.e. með fram Sæbraut, Kalkofnsvegi, Geirsgötu og Mýrargötu.

Fyrir liggur að stysta leið frá vinnustað stefnanda að heimili og öruggasta leiðin heim til hans, væri hann fótgangandi, voru hér um bil 4,5 km. langar. Hefði hann valið að fara með bíl hefði vegalengdin verið nánast sú sama þótt ekki hefði verið farið eftir sömu götum.

Einnig liggur fyrir að stefndi hafði tamið sér að hlaupa daglega frá vinnu að heimili sínu vegalengd sem nam 9–10 km, eða helmingi lengri leið en var þar á milli.

Þegar stefnandi fór yfir umferðarljósin á móts við bensínstöðina við Ánanaust var hann um 600 metra frá heimili sínu. Hann fór hins vegar ekki yfir Ánanaust til þess að komast nær heimili sínu. Með því að fara norður yfir götuna var hann þvert á móti að fjarlægjast heimili sitt til þess að koma sér út á

hlaupastíg með fram sjónum þannig að hann gæti hafið síðari helming 10 km langrar daglegrar hlaupa-leiðar sinnar. Einvörðungu í því skyni átti hann erindi yfir götuna.

Þessi 4,5–5,0 km hálfhringur frá Ánanaustum, vestur eftir Eiðsgranda út á Seltjarnarnes, þvert yfir það um Valhúsahæð, eftir Suðurströnd, austur Suðurmýri og Nesveg og norður Kaplaskjólsvog, var alls ónauðsynlegur til þess að færa stefnanda nær heimili sínu en hann hefði verið hefði hann sleppt hlaupa-hringnum.

Þegar stefnandi fór norður yfir Ánanaust var hann að mati dómsins ekki lengur á „eðlilegri leið“ heim frá vinnu í skilningi 4. gr. reglna nr. 1/90 heldur að sinna hugðarefnum í frítíma sínum. Eins og áður segir eru starfsmenn Reykjavíkurborgar einnig tryggðir í frítíma á grundvelli greinar 8.1 í kjarasamningi Reykjavíkurborgar og starfsmannafélags hennar og samkvæmt reglum nr. 2/90. Stefndi hefur þegar greitt stefnanda fyrir tjón vegna frítímaslyss.

Miðað við þá niðurstöðu að stefnandi hafi ekki verið á eðlilegri leið frá vinnustað að heimili sínu í skilningi 4. gr. reglna nr. 1/90, sem er vísað til í grein 8.1 í áðurnefndum kjarasamningi, verður að sýkna stefnda af kröfu stefnanda.

Þrátt fyrir að dómurinn hafi fallist á málsástæður stefnda og kröfur hans þykir rétt að hvor málsaðili beri sinn kostnað af málinu.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, 18. júní 2020, var stefnanda veitt gjafsókn til þess að höfða þetta mál og reka fyrir héraðsdómi. Gjafsóknarkostnaður hans greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmans hans, Hauks Freys Axelssonar. Þegar litið er til umfangs málsins svo og þess að þóknunin greiðist úr ríkissjóði þykir hún hæfilega ákveðin 570.000 kr. Samkvæmt dómvenju í gjafsóknarmálum er virðisaukaskattur ekki meðtalinn í fjárhæðinni.

Samkvæmt 2. mgr. 127. gr. laga nr. 91/1991 tekur dómurinn ekki afstöðu til útlagðs kostnaðar en hann skal greiddur úr ríkissjóði.

Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

## **D Ó M S O R Ð**

Stefndi, Reykjavíkurborg er sýkn af kröfu stefnanda, A.

Málkostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin þóknun lögmans hans, Hauks Freys Axelssonar, 570.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.